

Mál nr. 335/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Frestur til að tilkynna um líkamstjón skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28. desember 2013 ók M bifreið sinni eftir hringveginum í Hrótafirði er bifreiðin lenti út af og valt á toppinn. M leitaði á Læknavaktina í Kópavogi 2. janúar 2014 þar sem hann hafi smám saman eftir atvikið farið að finna fyrir einkennum. Hafi hann stirðnað upp í líkamanum og fundið fyrir verkjum í miðju bak út í hægri herðablað. Einnig hafi hann fundið fyrir náladofa fram í hægri hönd. Eymсли fundust og kringum hægri öxl. Samkvæmt læknisvottorði var hann sagður hafa greinst með tognun á brjósthrygg og á hægri öxl.

Hinn 18. febrúar 2014 leitaði M til heimilislæknis síns á heilsugæslustöð. Var hann þá talinn búa við tognun á hægri öxl og vöðvabólgu. Var honum vísað til meðferðar hjá sjúkrahjálfa. Samkvæmt fyrirlliggjandi sjúkraskrá M hjá hlutaðeigandi heilsugæslustöð leitaði M næst á heilsugæslustöðina 20. júlí 2016 vegna þeirra einkenna sem hann bjó við af völdum umferðarslyssins, eða verkja í hægri öxl. Var sjúkdómsástandi hans þá lýst þannig að eftir slysið hefði hann verki og stífleika í hægri öxl. Stundum verri köst með verkjum, stífleika og þá náladofa fram í hægri handlegg og fingur. Við skoðunina umræddan dag væri hann slæmur sem og síðastliðna daga. Við skoðun væri hreyfihindrun í öxlinni og náladofi í handlegg. Var honum vísað til frekari skoðunar hjá bæklunarlækni.

M kom til skoðunar hjá bæklunarlækni 6. október 2016 og 1. mars 2017 gekkst hann undir liðspeglunaraðgerð á hægri öxl.

Með tilkynningu 6. október 2016 var tjónið tilkynnt V. V hafnaði bótaskyldu með tölvubréfi 3. nóvember 2016 á þeirri forsendur að ársfrestur til að tilkynna félaginu um tjónið samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga hafi verið fyrir löngu liðinn þegar tjónstilkynningin barst.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem á rétt á til bóta samkvæmt slysátryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í samræmi við orðanna hljóðan verður að skýra niðurlag þessa ákvæðis svo, þegar krafist er bóta vegna varanlegs líkamstjóns, að upphaf eins árs frestsins beri að miða við hvenær sá, sem orðið hefur fyrir slíku tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann, eins og getið er í dómi Hæstaréttar 21. maí 2015 í máli nr. 10/2015, sbr. og dóm réttarins 22. október 2009 í máli nr. 7/2009. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með fullnægjandi vissu að M hafi raunverulega gert sér grein fyrir því að hann byggi við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins í desemberlok 2013 ári áður en hann tilkynnti um slysið til V 6. október 2016. Verður því ekki fallist á að hann hafi glatað rétti sínum úr slysátryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.